



ÁTT ÞÚ HEIMA Í JÓLABÆNUM?

Við leitum söluaðila í snotur jólahús og tjöld í Jólabænum við Ingólfstorg. Líkt og fyrri ár verður skipulögð skemmtidagskrá alla daga og fjöldi fólks sem bregður sér í „bæinn“ til að gera jólainnkaup.

Jólabærinn sprettur upp í miðjum desember og þú gætir flutt inn á fyrsta degi ef þú tryggir þér pláss nógu snemma.

Sendu okkur fyrirspurn merкта „Jólabærinn“ á midborgin@midborgin.is

Þar sem hjartað slær
www.midborgin.is



Fjórhent á flygil í Salnum

Tónleikaröðin Tíbrá í Salnum í Kópavogi hefur aftur göngu sína eftir sumarhlé á sunnudag. Þá munu bresku píanóleikararnir John Humphreys og Allan Schiller leika fjórhent á flygil. Á efnisskránni er Brandenburgarkonsert Bachs, fantasíur eftir Mozart og Schubert, fimm ungerskir dansar eftir Brahms, sónata eftir Hindemith og svíta eftir Ravel.

Humphreys og Schiller eru með fremstu píanóleikurum Bretlands og hafa starfað saman um árabíl. Schiller var aðeins tíu ára gamall þegar hann kom fyrst fram með Halle-hljómsveitinni undir stjórn Sir Johns Barbirolli og hefur síðan átt glæstan feril sem píanóleikari. Auk tónleikahalds starfar Humphreys sem yfirprófessor við kammermúsíkdeild Tónlistarháskólans í Birmingham.

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 16 og er aðgangseyrir 3.300 krónur.



HUMPHREYS OG ALLAN SCHILLER eru með fremstu píanóleikurum Bretlands og hafa leikið saman um árabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Tíbrá hefur verið burðarásinn í starfsemi Salarins frá því hann var opnaður árið 1999 og skipta tónleikar í Tíbrárröðinni nú hundruðum.



BÄUMER OG RÁCZ Ríða á vaðið í tónleikaröðinni 15:15 sem hefst á sunnudag.

15:15 í tíu ár

Tónleikaröðin 15:15 hefur sitt tíunda starfsár í Norræna húsinu á sunnudag með tónleikum sem nefnast Léttleiki og angurværð í franskri tónlist. Flytjendur eru þeir Guido Bäumer saxófónleikari og Aladár Rácz píanóleikari. Efnisskráin samanstendur af verkum sem samín voru undir áhrifum af impressjónisma eða tengjast honum, svo sem eftir Caplet, Jolivet og Debussy. Einnig gætir áhrifa frá Austurlöndum í sumum verkanna.

Guido Bäumer er frá Norður-Þýskalandi en Aladár Rácz er frá Rúmeníu; báðir hafa þeir verið búsettir hér á landi frá því um aldamót.

Alls verða átta tónleikar á 15:15 tónleikaröðinni í vetur. Næstu tónleikar verða 11. nóvember þar sem frumflutt verður nýtt verk eftir Hafðísi Bjarnadóttur.

Tónleikarnir eru haldnir sem fyrr segir í Norræna húsinu og hefjast, eins og nafnið gefur til kynna, klukkan 15:15.

Vangaveltur um tímamann

Hafþór Yngvason, safn- og sýningarstjóri, og bandaríski heimspekingurinn Nickolas Pappas hefja klukkan

16 í dag opnar samræður í tengslum við sýninguna Hreyfing augnabliksins sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu. Pappas er prófessor við heimspékideild City College í New York.

Í spjalli Hafþórs og Pappas verða dregnar fram spurningar um eðli tímans í heimspeki- legu samhengi en eins og heiti sýningarinnar ber með sér eru með henni könnuð umbreytingaröfl. Öll listaverkin tengjast framvindu og breytingum. Þau eru útkoman úr ópersónubundnum og óvissum verkferlum sem listamennirnir stöðjast við til að breyta efniviði sínum, færa hann úr einu ástandi í annað.

Viðburðurinn er skipulagður í samvinnu við Heimspekistofnun HÍ og fer fram á ensku.



HAFÞÓR YNGVASON

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

Hollustupítsa

Í LÉTTRI SVEIFLU

FYRIR 3-4
1 ferskur pítsubotn, spelt eða venjulegur

Sósa:
200 gr rjónaostur
2 msk hunang
1 msk rifin piparrót
1 msk saxað ferskt dill
Salt eftir smekk

1 rautt chilli
1 grænt chilli
½ ferskur ananas
Skarlottulaukur
1 fennika
6 lambalundir
2 msk ólífuolía
Smávegis af ferski myntu eða kóriander. Hnífsoð af gullinrót (turmerik), kanill, engifer

LAMBAKJOT.IS

LAMBAKJOT.IS